

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Nauteyrarhrepps og Hólmavíkurhrepps.

Á grundvelli 2. mgr. 5. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að sameina Nauteyrarhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu og Hólmavíkurhrepp í Strandasýslu í eitt sveitarfélag.

Ákvörðun þessi er í samræmi við tillögur nefndar, sem skipuð var samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga.

Vegna sameiningar þessarar hefur ráðuneytið ákveðið eftirfarandi:

1. Nafn hins nýja sveitarfélags verður Hólmavíkurhreppur.
2. Hólmavíkurhreppur hinn nýi skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir Nauteyrarhreppi og Hólmavíkurhreppi.
3. Íbúar Nauteyrarhrepps og Hólmavíkurhrepps skulu vera þegnar hins nýja Hólmavíkurhrepps.
4. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Nauteyrarhreppi og Hólmavíkurhreppi, skulu falla til hins nýja sveitarfélags.
5. Skjöl og bókhaldsgögn Nauteyrarhrepps skulu afhent Hólmavíkurhreppi til varðveislu.
6. Kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags skal fara fram sama dag og reglulegar sveitarstjórnarkosningar, þ.e. laugardaginn 28. maí 1994, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga.
7. Kosningin skal vera bundin hlutfallskosning, sbr. 1. mgr. 15. gr. sveitarstjórnarlaga.
8. Kjósa skal fimm fulltrúa í sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags, sbr. 1. mgr. 11. gr. sveitarstjórnarlaga.
9. Kjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnarlaga skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar. Hreppsnefndirnar skulu koma sér saman um kosningu 3ja aðalmanna og jafnmargra til vara í yfirkjörstjórn og verði ráðuneytinu tilkynnt um kosninguna að henni lokinni.
10. Sameiningin skal taka gildi 11. júní 1994.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.